Umhverfisstofnun | Suðurlandsbraut 24 | Tel: +354 591-2000 | www.umhverfisstofnun.is
Environment Agency of Iceland | IS - 108 Reykjavík | Fax: +354 591-2020 | ust@umhverfisstofnun.is

Sveitarfélagið Skagafjörður
Skagfirðingabraut 17
550 Sauðárkrókur

UMHVERFISSTOFNUN

Reykjavík, 17. október 2012
Tilvísun: UST20121000100/edk

**Staðfesting á að bætt hefur verið úr frávikum sem komu fram við fyrirvaralaust eftirlit í mars**

Umhverfisstofnun vísar í bréf dagsett 25. júní sl. sem fjallar um fjögur frávik sem komu fram við fyrirvaralaust eftirlit með urðun úrgangs á urðunarstað sveitarfélagsins Skagafjarðar á Skarðsmóum þann 14. mars sl. Frávik þessi varða að brunaleifar voru sjáanlegar á urðunarstaðnum, girðingum var ábótavant, úrgangur var ekki birgður á fullnægjandi hátt og úrgangur stóð að hluta til í vatni.

Þegar reglubundið eftirlit fór fram með urðunarstaðnum 22. júní sl., hafði verið bætt úr öllum þessum frávikum. Síðan þá hefur urðun á staðnum verið hætt og er hann komin í lokunarferli hjá Umhverfisstofnun, sbr. bréf stofnunarinnar frá 10. október sl.

Umhverfisstofnun staðfestir því hér með að bætt hefur verið úr öllum fjórum frávikum og þa.l. verður ekki farið í eftirfylgni vegna þeirra.

Virðingarfyllst

Sigrún Ágústsdóttir
sviðsstjóri

Sigríður Kristjánsdóttir
deildarstjóri

Afrit: Heilbrigðisnefnd Norðurlands vestra